

Út af þessu er eigi látið undan falla að tjá yður þjónustusamlega, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar, að ráðgjafanum leizt eigi ráð að beiðast skýrslna þessara frá Frakklandi sjálfu, enda mundi og stjórninni frakknesku verða mjög örðugt að komast fyrir, á hverjar hafnir hin frakknesku fiskiskip hafa komið á mörgum árum. Hins vegar mun naumast að búast við, að hlutaðeigandi lögreglustjórar muni geta útvegað *áreiðanlegar* skýrslur í greindu efni, og að minnsta kosti getur það eigi orðið fyrir önnur fiskiskip en þau, er eiga einhver skipti við menn í landi og greiða gjald fyrir áritun á skipsskjölin, en eptir 1. grein í lögnum um vitagjald hljóta skip, sem hafna sig, en eiga engin viðskipti við landsmenn, einnig að vera skyld að greiða áminnt gjald. Ráðgjafinn verður því að vera á því, að rjettast sje að fresta fyrst um sinn aðgjörðum þeim, er hjer er farið fram á, þar til er reynslan er búin að sýna, hve mörg útlend fiskiskip koma á hafnir þær, er hjer ræðir um, og greiða vitagjald. Slíkur frestur mun og leiða það gott af sjer, að líkindi eru til, að vilji Frakklands stjórn á annað borð, að vitagjaldið sje greitt í einu lagi, þá muni hún koma með uppástungur um það, og það mun verða heppilegra; og þá verður ráðgjafinn búinn að fá áreiðanlega undirstöðu til að miða við í samningunum.

— **Leyfisbrjef konungs** fyrir legstað á bæ, þar sem hvorki er kirkja nje bænahús. — **Vjer Christian hinn níundi af Guðs náð** Danmerkur konungur, Vinda og Gotna, hertogi í Slesvík, Holtsetaland, Stórmæri, Þjóðmerski, Láinborg og Aldinborg gjörum heyrum kunnugt: að Vjer fyrir beiðni bóndans Þórðar Sigurðssonar á Fiskilæk í Borgarfjarðarsýslu í suðurumdæminu á Voru landi Íslandi höfum allramildilegast veitt og leyft, sem og hjer með veitum og leyfum, að hann megi gjöra sjer og sínum legstað á tjeðri eignarjörð sinni, með þeim skilyrðum, að sóknarpresturinn vígi legstaðinn, að hann sje umgirtur og búið til á hann sáluhlíð, og sett þar klukka og klukknart, að eigandi áminnztrar jarðar verji hann jafnan og haldi honum við í semilegu standi, og að hjeraðsprófastur skoði hann á kostnað eiganda í hvert skipti, sem hann visiterar sóknarkirkjuna, og skal beiðandi auk þess á sex vikna fresti rita og afhenda til þinglýsingar skuldbindingarskrá með veði í jörðinni næst á eptir vedböndum þeim, er nú kunna að liggja á henni, og sje hann þar skyldaður til að fullnægja framangreindum skilyrðum, svo og þeir, er jörðina eignast eptir hann.

Gefið í vorum konunglega aðseturstað Kaupmannahöfn 25. maí 1878.

Undir: Vort konunglega innsigli.

(L. S.)

Eptir allramildilegustu boði hans hátignar konungsins

J. Nellemann.

F. A. P. Frydensberg.

Leyfisbrjef

handa

bóndanum Þórði Sigurðssyni á Fiskilæk í Borgarfjarðarsýslu í suðurumdæmi Íslands til að gjöra sjer og sínum legstað á tjeðri jörð.

Borgist með 33 kr. 66 a.

— *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán til kirkjubýggingar. — Þjer hafið sent hingað, herra landshöfðingi, bóнарbrjef frá Eiríki prófasti Kuld og 2 öðrum íbúum Stykkishólms, er kosnir hafa verið til að hafa á hendi umsún
Hinn 9. júlí 1878.